

Ed. 685. Frumvarp til laga [310. mál]

um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35 1972, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum, sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum, aðild að sjóðnum, enda hafi þeir meiri hluta atvinnutekna sinna af búvöruframleiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðum um lögbyli, ef um er að ræða verulegan búrekstur, sem hlutaðeigandi hefur meiri hluta tekna sinna af. Þá er stjórninni heimilt að veita undanþágu frá þátttöku þeim bændum, sem eru sjóðfélagar í öðrum lífeyrissjóðum og hafa meiri hluta atvinnutekna sinna af öðru en búvöruframleiðslu.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld bænda, sem eru sjóðfélagar, skulu innheimt af búvöruverði sem tiltekinn hundraðshluti þess. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn fyrirfram fyrir hvert almanaksár, þannig að hann samsvari 4% af grundvallarlaunum, sbr. 8. gr., í verð-

lagsgrundvelli landbúnaðarvara haustið á undan. Hundraðshlutinn skal reiknaður með tveimur aukastöfum, og skal gjald þetta dregið frá búvöruverði til sjóðfélaga á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgald samkvæmt lögum nr. 38 1945.

Bændur, sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð, sbr. 21. gr., skulu ekki greiða herra iðgjald en sem svarar 4% iðgjaldi af hálfum öðrum grundvallarlaunum samkvæmt 8. gr., en aðrir bændur skulu greiða iðgjald af allt að grundvallarlaunum. Hámörk þessi miðast hvert almanaksár við hjúskaparstétt í lok ársins.

Á móti iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt 1. málsg. skal leggja gjald á allar búvörur, og skal gjald þetta vera ákveðinn hundraðshluti ár hvert þannig, að hann samsvari 6% framlagi af reiknuðum heildarlaunum allra bænda, er þeim ber að greiða iðgjöld af samkvæmt 1. og 2. málsg. Heimilt er að hækka útsöluverð allra búvara sem þessu nemur.

Nú hefur bóndi atvinnutekjur af öðru en búvöruframleiðslu og greiðir ekki af þeim iðgjöld til lífeyrissjóðs, og skal honum þá heimilt að greiða af slíkum tekjum iðgjöld til þessa sjóðs, en ekki mega þó heildariðgjaldagreiðslur fara fram úr mörkunum þeim, sem tilgreind eru í 2. málsg. Iðgjöld skulu vera 10% af tryggðum tekjum, og teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga, en 6% framlag vinnuveitanda. Heimilt er stjórn sjóðsins að veita með sama hætti viðtöku iðgjöldum frá maka sjóðfélaga, enda sé um að ræða iðgjöld af stopulli vinnu og svo stutt tímabil, að ekki verði talið, að um sjálfstæð réttindi í öðrum lífeyrissjóði geti orðið að ræða.

Iðgjöld af launþegum, sem eru sjóðfélagar samkvæmt 3. málsg. 2. gr., skulu vera 10% af umsómdum föstum launum með þeim takmörkunum, sem nefndar eru í 2. málsg. þessarar greinar. Teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga, en 6% framlag vinnuveitanda.

Þeir aðilar, sem taka búvörur bænda til sölumeðferðar, svo sem mjólkurbú, sláturhús og verslanir, skulu innheimta iðgjöld og framlög samkvæmt 1. og 3. málsg. eftir fyrirmælum sjóðstjórnar, gera skil á þeim til sjóðsins og sundurliða jafnframt eftir sjóðfélögum iðgjaldagreiðslur samkvæmt 1. málsg. Nú innheimtist herra iðgjald samkvæmt 1. málsg. en greiða ber, sbr. 2. málsg., og fer þá um endurgreiðslu eftir ákvæðum 2. málsg. 14. gr. Gjald dagar iðgjalda og framlaga skulu ákveðnir í reglugerð, og heimilt er þar að kveða á um dráttarvexti frá gjald daga, ef skil eru ekki gerð innan 30 daga frá gjalddaga. Enn fremur er heimilt að kveða þar á um dagsektir á hendur söluaðila, ef hann lætur ekki í té sundurliðun á iðgjöldum sjóðfélaga, eins og fyrir er mælt. Við gjaldprotaskipti hjá innheimtuaðila skulu kröfur samkvæmt þessari málsgrein njóta sama forgangsréttar og launakröfur, enda hafi fénu ekki verið haldið aðskildu frá öðrum fjármunum gjaldþrota.

Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til loka þess almanaksárs, er hann nær 69 ára aldri.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

3. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans. Nú hefur skilagrein um iðgjöld ekki borist sjóðnum innan 9 mánaða frá lokum almanaksárs, og er sjóðstjórn þá heimilt að telja þau iðgjöld með iðgjöldum næsta árs.

Síðasti málsliður 4. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins setur reglur um, hvernig umsóknum um stigaútreikning samkvæmt þessari málsgrein skuli hagað.

6. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Ekki skal reikna stig lengur en til upphafs þess almanaksárs, er taka ellilífeyris hefst.

4. gr.

Aftan við 1. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr málslíður, er orðist svo:

Það telst í þessu sambandi tekjumissir hjá sjóðfélaga, þótt skert starfsorka hans sé bætt upp með auknu vinnuframlagi maka hans eða barna innan 16 ára aldurs.

Í stað „til 67 ára aldurs“ í 2. mgr. 10. gr. komi „til loka þess almanaksárs, er hann nær 67 ára aldri“.

Í stað „við 67 ára aldur“ í 6. mgr. 10. gr. komi „við lok þessa almanaksárs, er sjóðfélagi nær 67 ára aldri“, og í stað „til 67 ára aldurs“ í sömu málsgrein komi „til loka þess almanaksárs, er hann nær 67 ára aldri“.

5. gr.

Aftan við 2. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr málslíður, er orðist svo:

Sé hvorki um að ræða börn innan 18 ára aldurs né slíka skerðingu starfsorku hins eftirlifandi maka, skal samt sem áður án tillits til aldurs sjóðfélaga og maka hans greiða makalífeyri um 5 ára skeið eftir fráfallið, enda séu skilyrði um iðgjalda-greiðslu- og hjúskapartíma uppfyllt.

Aftan við 3. mgr. 11. gr. bætist nýr málslíður, er orðist svo:

Nú annast systir bónda heimili hans, og gilda þá ákvæði þessarar málsgreinar eftir því, sem við getur átt.

Í stað „til 67 ára aldurs“ í 4. mgr. 11. gr. komi „til loka þess almanaksárs, er hann nær 67 ára aldri“.

6. gr.

Aftan við 2. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málslíður, er orðist svo:

Flutningur réttinda vegna tímabils fyrir stofnun sjóðsins skal þó ekki heimill, nema sérstaklega standi á.

7. gr.

Í stað „1969“ í 2. mgr. 17. gr. laganna komi „1974“. Aftur við sömu málsgrein bætist nýr málslíður, er orðist svo:

Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita systur bónda, sem annast hefur heimili hans, hliðstæðan lífeyri að honum látnum, enda hafi bæði verið ógift, sbr. 3. málsg. 11. gr.

8. gr.

Aftan við 1. mgr. 18. gr. bætist nýr málslíður, er orðist svo:

Hafi sjóðfélagi áunnið sér meiri rétt samkvæmt ákvæðum I. kafla einstök réttindaár, skal þó miðað við þann rétt þau ár.

9. gr.

Í stað „7. málsg. 7. gr.“ í 21. gr. laganna komi „6. málsg. 7. gr.“

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en ákvæði þeirra um lífeyrisrétt gilda frá 1. janúar 1974.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir, sem rétt eiga á lífeyri samkvæmt I. eða II. kafla laganna, er miðast við grundvallarlaun 1968—1972 eða eldra tímabils, skulu frá 1. janúar 1974 fá lífeyri miðaðan við grundvallarlaun 1969—1973.

Óski bóndi eftir, að tekið verði tillit til réttindatíma systur vegna tímabils fyrir árslok 1974, sbr. 2. málsg. 11. gr. og 2. málsg. 17. gr. laganna, skal hann senda sjóðnum tilkynningu þess efnis eigi síðar en 31. desember 1974. Eftir þann tíma gilda ákvæði 21. gr. laganna um slíkar tilkynningar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

Með bréfi, dags. 8. október 1973, fól Halldór E. Sigurðsson, fjármálaráðherra, stjórn Lífeyrissjóð bænda að endurskoða lög sjóðsins. Í bréfi þessu er tekið fram, að í bráðabirgðaákvæðum laga nr. 101 frá 28. desember 1970 sé kveðið svo á, að lögín skuli endurskoðuð fyrir árslok 1972, og þótt nokkrar breytingar hafi verið gerðar með lögum nr. 35 1972, verði að líta svo á, að endurskoðun í samræmi við ofangreind bráðabirgðaákvæði hafi enn ekki farið fram.

Af hálfu ráðuneytisins er sérstök athygli vakin á ályktun aðalfundar Stéttarsambands bænda 1973, en ályktun þessi hljóðar svo:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1973 felur stjórn Stéttarsambandsins að heita sér fyrir endurskoðun á lögum um lífeyrissjóð bænda, til þess að lagfæra m. a. ákvæði um ekknabætur, réttindi systur, þar sem systkyni hafa búið saman o. fl.“.

Þá er tekið fram í bréfi ráðherra, að ráðuneytið telji að öðru leyti eðlilegt að stjórnin geri þær breytingatillögur við lögín, sem hún að fenginni reynslu telur æskilegar.

Í greinargerð stjórnar Lífeyrissjóðs bænda með lagafrumvarpi því til breytinga á lögum nr. 101/1970, sem samþykkt var á Alþingi í maímánuði 1972, var tekið fram, að ekki þætti tímabært að hefjast handa um þá heildarendurskoðun laganna, sem að framan er getið, þar eð lítil reynsla væri fengin af framkvæmd I. kafla laganna. Síðan hefur að sjálfsögðu fengist nokkru meiri reynsla, og í meðfylgjandi frumvarpi felast allmargar breytingar á gildandi lagaákvæðum. Um grundvallar-breytingar er hins vegar ekki að ræða.

Það hefur valdið erfiðleikum við framkvæmd laganna, hve ófullkomnar upplýsingar eru að jafnaði tiltækar um félagsbú, hverjir teljast aðilar að þeim og hvernig arður af þeim skiptist. Stjórnin treystir sér ekki til að leggja fram tillögur til breytinga á lögum lífeyrissjóðsins, er að gagni mættu verða í þessu efni, en treystir því, að betri skipan komist fljótlega á þetta mál, sbr. 17. gr. frumvarps til jarðalaga, sem nú liggur fyrir Alþingi, enda er hér um að ræða hagsmunamál fleiri aðila en Lífeyrissjóðs bænda.

Meðal bænda hefur orðið vart nokkurrar óánægju sökum þess, að lífeyrissjóðs-iðgjöld, er þeim sem launþegum ber að greiða samkvæmt kjarasamningum verk-alýðsfélaga, ef þeir starfa um stundarsakir í sláturhúsi eða að öðrum tímabundnum verkefnum, renna til lífeyrissjóða hlutaðeigandi verkalýðsfélaga, en ekki til Lífeyrissjóðs bænda. Er á það bent í þessu sambandi, að oft sé óvíst, hvort lágmarks-skilyrði um réttindatíma og iðgjaldagreiðslur verði nokkru sinni uppfyllt þannig, að um sjálfstæðan rétt í lífeyrissjóði verkalýðsfélags æti orðið að ræða. Lífeyris-sjóður bænda hefur heimild til að veita iðgjöldum af þessu tagi viðtöku, en til ið-gjaldaflutnings þarf einnig samþykki þess sjóðs, sem iðgjöld hafa verið greidd til. Þeirri hugmynd hefur verið hreyft, að sett verði ákvæði í lögín um Lífeyrissjóð bænda þess efnis, að iðgjöldum, þ. e. bæði iðgjöldum launþega og vinnuveitanda, skuli í slíkum tilvikum skilað til þess sjóðs. Nýlega hefur verið komið á sam-skjptareglum milli flestra hinna nýju lífeyrissjóða verkalýðsfélaga innbvrðis. Í trausti þess, að samkomulag geti einnig orðið um lausn samskiptavandamála Lífeyrissjóðs bænda og þessara sjóða, svo og vegna óvissu um, hvert fordæmi laga-setning um þetta efni mundi veita, hefur stjórnin ekki gert tillögur um breytingar á þeim ákvæðum, sem hér um ræðir.

Helstu atriði frumvarpsins eru þessi:

1. Réttur til makalífeyris samkvæmt 11. gr. laganna er rýmkaður nokkuð.
2. Gert er ráð fyrir rétti til makalífeyris samkvæmt II. kafla laganna eftir aldraða bændur, sem látist hafa á árunum 1965—1969, en samkvæmt núgildandi ákvæð-um er það skilyrði, að fráfall hafi átt sér stað eftir árslok 1969.

3. Gert er ráð fyrir möguleika á greiðslu makalífeyris til systur, sem gegnt hefur húsfreyjustarfi, bæði samkvæmt I. og II. kafla laganna.
4. Kveðið er á um hækkun lífeyrisgreiðslna, sem þegar hafa verið úrskurðaðar, þannig að þær miðist við grundvallarlaun 1969—1973.
5. Gert er ráð fyrir heimild fyrir sjóðstjórn til að veita bændum utan lögþýla aðild að sjóðnum að uppfylltum tilteknum skilyrðum.
6. Sett er ákvæði um forgangsrétt iðgjaldskrafna við gjaldþrotaskipti hjá innheimtuaðila.

Samþykkt frumvarpsins hefur ekki í för með sér teljandi aukningu skuldbindinga lífeyrissjóðsins, enda er ekki gert ráð fyrir breytingum á tekjugrundvelli hans. Hins vegar er áætlað, að bráðabirgðaákvæði frumvarpsins um hækkun eftirlaunagreiðslna hafi í för með sér aukningu útgjalda, er nemi 9.1 millj. kr. fyrir ríkissjóð og 5.4 millj. kr. fyrir Stofnlánadeild landbúnaðarins á árinu 1974, en síðan fara áhrif þessara ákvæða minnkandi. Þá munu breytingar á ákvæðum II. kafla laganna um makalífeyri valda nokkurri aukningu útgjalda. Athygli skal vakin á því, að fyrir ríkissjóð verður hér ekki um hreina útgjaldaaukningu að ræða, þar eð framlag til almannatrygginga mun lækka vegna tekjutryggingarákvæða almannatryggingalaga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari felst sú breyting, að heimilt er að víkja frá skilyrðum laganna um, að bóndi búi á lögþýli. Er breyting þessi bein afleiðing af hliðstæðri, en þó nokkru þrengri heimild í lögum nr. 35 1972 til að veita bændum utan lögþýla eftirlaun samkvæmt II. kafla. Fyrir réttindi samkvæmt I. kafla greiða sjóðfélagar iðgjöld og virðist því ekki óeðlilegt, að heimild til að veita slík réttindi séu heldur rýmri.

Um 2. gr.

Í 1. málsg. felst engin efnisbreyting, heldur er einungis leitast við að gera orðalag laganna skýrara en það er nú.

Ákvæði 4. málsg. 7. gr. laganna um iðgjöld af hlunninatekjum hafa reynst lítils virði, og er lagt til, að þau falli niður.

Það er almenn regla hjá lífeyrissjóðnum, að séu hjón bæði sjóðfélagar, verði réttindum ekki blandað saman, svo sem með flutningi iðgjalda annars yfir á nafn hins. Lífeyrissjóður bændna hefur sérstöðu að því leyti, að réttindi má að jafnaði rekja til vinnuframlags beggja, bónda og maka hans. Er því lagt til, að heimilt verði að veita viðtöku iðgjöldum húsfreyju vegna annarra starfa og færa þau á nafn bónda, og er þá einkum höfð í huga störf í nánnum tengslum við búskapinn, svo sem sláturhúsvinna. Athygli er vakin á því, að hér er einungis um að ræða heimild til að veita iðgjöldum viðtöku, en ekki lausn að öðru leyti á áður nefndum samskiptavandamálum við aðra sjóði.

Samstarf þeirra aðila, er annast sölu á búvörum bændna, við lífeyrissjóðinn hefur yfirleitt verið mjög gott. Í einstökum tilvikum hefur þó orðið óviðunandi dráttur á því, að skilagreinar og iðgjöld bærust. Er lagt til, að heimild verði veitt til að beita dagsektum og ákvæði sett um forgang iðgjaldakrafna, ef til gjaldþrotaskipta kemur hjá innheimtuaðila og ekki er um að ræða sérgreint geymslufé, sem sjóðurinn á beinan aðgang að.

Hin nýja málsgrein, sem verður 7. málsg. 7. gr., er í samræmi við reglugerðar-ákvæði, en rétt þykir að hafa í sjálfum lögnum skýr ákvæði um lok iðgjaldagreiðslu. Er hagkvæmast að miða við lok almanaksárs í stað mánaðamóta.

Um 3. gr.

Dráttur á, að skilagreinar um iðgjöld berist sjóðnum, veldur seinkun á út-reikningi stiga, er fram fer í vélum, og er þetta bæði sjóðfélögum og starfsmönnum

til mikils óhagræðis. Heimild sú, sem hér er gert ráð fyrir, til að ljúka endanlega stigaútreikningi 9 mánuðum eftir árslok, mundi bæta mjög úr skák, en á hinn bóginn útilokar hún ekki sérstaka athugun á skilagreinum, sem borist hafa of seint ef iðgjöld viðkomandi ára skipta verulegu máli, t. d. við áætlun stiga fram í tímann vegna örorku eða dauða.

Núgildandi ákvæði 4. málsg. 8. gr. laganna um athugun viðbótarréttinda til handa smábændum á þriggja ára fresti verða óhjákvæmilega þunglamaleg í framkvæmd. Er lagt til, að takmörkunin við þrjú ár aftur í tímann falli niður.

Um síðustu málsg. 3. gr. skirskotast til athugasemda við 2. gr.

Um 4. gr.

Í 1. málsg. eru tekin af öll tvímæli um, að réttur sjóðfélaga til örorkulífeyris skerðist ekki, þótt starfsorkumissir hans sé bættur upp með auknu vinnuframlagi maka hans og barna innan 16 ára aldurs. Um aðrar breytingar skirskotast til þess, sem áður er sagt.

Um 5. gr.

Í 1. málsg. felst tímabundinn stuðningur við ungar barnlausar ekkjur, sem engan lífeyrisrétt eiga samkvæmt núgildandi lögum og ættu ekki að hafa þörf fyrir makalífeyri ævilangt.

Lagt er til, að systir, sem annast húsfreyjustörf á búi bróður síns, geti öðlast rétt til makalífeyris á sama hátt og sambúðarkona. Í orðunum „eftir því, sem við getur átt“ felst m. a., að tilkynna þarf til sjóðsins, ef slíkur réttur á að skapast. Bóndi getur á hverjum tíma aðeins látið réttinn ná til einnar systur og systir stutt rétt sinn við starf hjá einum bróður, og enn fremur skulu bæði vera ógift.

Um 6. gr.

Í greininni felst takmörkun á heimild stjórnar sjóðsins til að heimila réttindaflutning úr öðrum lífeyrissjóðum, en slíkir flutningar hafa að jafnaði í för með sér meiri skuldbindingar en sem svarar þeim fjárhæðum, sem fluttar eru. Virðist ekki ástæða til að heimila flutning vegna tímabils fyrir stofnun sjóðsins, þ. e., að veitt séu meiri réttindi en unnt er að öðlast með stundun búskapar. Þó er gert ráð fyrir, að undantekningu megi gera, þegar um er að ræða stutt tímabil, sem ekki getur veitt neinn sjálfstæðan rétt í sjóði þeim, sem flutt er úr.

Um 7. gr.

Ákvæðið um makalífeyrisrétt til handa mökum, er aldraðir bændur hafa látið eftir sig á árunum 1965—1969, má rökstyðja með þeirri sameiginlegu réttinda-vinnslu, sem hér er raunverulega um að ræða, en þeir bændur, sem hætt hafa búskap á þessum árum, eiga rétt á ellilífeyri að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna. Um réttindi systur skirskotast til athugasemda við 5. gr. og almennra athugasemda hér að framan.

Um 8. gr.

Lagt er til, að sjóðfélagi njóti þess í auknum réttindum, ef iðgjaldagreiðslur samkvæmt I. kafla veita tilefni til meiri réttar en 18. gr. veitir. Í þessu sambandi skal á það bent, að um ellilífeyrisrétt samkvæmt I. kafla er ekki að ræða fyrr en eftir a. m. k. 5 ára iðgjaldagreiðslu.

Um 9. gr.

Breytingin stafar af breyttri töluröð málsgreina í 7. gr. laganna.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um þá útgjaldaaukningu, sem samræming eldri og nýrri lífeyrisúrskurða samkvæmt þessum ákvæðum hefur í för með sér, skirskotast til almennra athugasemda hér að framan.